

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/2306****2022/EES/18/68****frá 21. október 2021**

**um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því  
er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til  
Sambandsins og skoðunarvottorð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 38. gr. (ii. lið a-liðar 8. mgr.), 46. gr. (b-lið 7. mgr.), 48. gr. (4. mgr.) og 57. gr. (3. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er heimilt að flytja inn vöru frá þriðja landi í þeim tilgangi að setja vöruna á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaða vöru eða sem vöru í aðlögun ef þessi vara er í samræmi við reglur Sambandsins um lífræna framleiðslu eða í samræmi við jafngildar reglur þriðja lands um framleiðslu og eftirlit, eins og um getur í 48. gr. þeirrar reglugerðar, sem hefur verið viðurkennt skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(2)</sup>, eða hefur fallið undir eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, eins og um getur í 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, sem hefur verið viðurkennt/viðurkenndur skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 2) Til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að athuga hvort innfluttar vörur eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848 ætti hver sending að falla undir skoðunarvottorð sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landinu gefur út eftir að það/hann hefur innt af hendi viðeigandi sannprófanir á sendingunum. Þessar sannprófanir ættu alltaf að innihalda sannprófun skjala og, í samræmi við áhættuna, eftirlit með ástandi sendingarinnar.
- 3) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur að því er varðar innihald skoðunarvottorðsins, hvernig það er gefið út og tæknilegar aðferðir sem eru notaðar við útgáfu þess. Þessar reglur ættu einnig að ná yfir skuldbindingar lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum að því er varðar útdrátt úr skoðunarvottorðinu.
- 4) Opinbert eftirlit sem innt er af hendi með vörum sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun, til að sannprófa að þær séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848, er hluti af opinberu eftirliti sem er framkvæmt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 <sup>(3)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjútíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjútíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

(<sup>3</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjútíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

- 5) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um viðbótarreglur til að skýra nánar viðmiðanirnar og skilyrðin varðandi framkvæmd opinbers eftirlits áður en lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun, sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu. Þessar reglur ættu einnig að ná yfir vörur sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 <sup>(4)</sup>.
- 6) Mæla ætti fyrir um tiltekna sértækar reglur um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar sem eru settar í sérstakt tollferli.
- 7) Að auki ætti að mæla fyrir um hvaða skyldur hvíla á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem gefa út skoðunarvottorð í tilvikum þar sem Traces-kerfið, sem um getur í 36. lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 <sup>(5)</sup>, er ekki tiltækt.
- 8) Enn fremur er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um aðstæður þar sem lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar í þriðju löndum verða að inna af hendi rannsókn eftir að tilkynnt hefur verið um tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/848 sem komu í ljós við sannpröfun lögbærs yfirvalds í aðildarríki á sendingu.
- 9) Notkun lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum á fullgiltu rafrænu innsigli í Traces-kerfinu við útgáfu á skoðunarvottorði í þriðju löndum og til að árita þetta vottorð og útdrætti úr því verður e.t.v. ekki framkvæmanleg fyrir 1. júlí 2022. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um umbreytingarákvæði um notkun pappírsgáfur af skoðunarvottorðum, undirritaða með handskrifaðri undirritun, og útdráttum úr þeim, sem gilda til 30. júní 2022, sem staðgöngukost fyrir notkun á rafrænum skoðunarvottorðum og útdráttum úr þeim sem bera fullgilt rafrænt innsigli.
- 10) Sem stendur er mælt fyrir um reglur um skoðunarvottorð og útdrætti úr skoðunarvottorðum, að því er varðar reglugerð (EB) nr. 834/2007, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 <sup>(6)</sup>. Þar eð mælt er fyrir um reglur, að því er varðar reglugerð (ESB) 2018/848, í þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 <sup>(7)</sup> ætti að fella reglugerð (EB) nr. 1235/2008 úr gildi.
- 11) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

**SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- a) sannpröfun í þriðju löndum á sendingum af vörum sem ætlunin er að setja á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun og útgáfu á skoðunarvottorðum,
- b) opinbert eftirlit með vörum, sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum, sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun og

<sup>(4)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisfluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

<sup>(7)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 frá 21. október 2021 um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins (Stjtið ESB L 461, 27.12.2021, bls. 30).

- c) aðgerðir sem lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar í þriðju löndum eiga að grípa til í tilvikum þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/848.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sending“: sending, eins og hún er skilgreind í 37. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, af vörum sem ætlunin er að setja á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun; ef um er að ræða lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun, sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við framselda reglugerð (EB) 2021/2305, er þó merkingin magn vara undir einu eða fleiri númerum úr sameinuðu nafnaskránni sem fellur undir eitt skoðunarvottorð, er sent með sama flutningatæki og innflutt frá sama þriðja landi,
- 2) „landamæraeftirlitsstöð“: landamæraeftirlitsstöð eins og hún er skilgreind í 38. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 3) „staður þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði“: staður þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði þegar opinbert eftirlit með lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun, sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, er framkvæmt í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2305,
- 4) „eftirlitsstaður“: annar eftirlitsstaður en landamæraeftirlitsstöð eins og um getur í a-lið 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 5) „sannprófun skjala“: sannprófun skjala eins og hún er skilgreind í 41. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 6) „sannprófun auðkenna“: sannprófun auðkenna eins og hún er skilgreind í 42. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 7) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með ástandi eins og það er skilgreint í 43. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 8) „fullgilt rafrænt innsigli“: fullgilt rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 <sup>(8)</sup>.

## 3. gr.

### Sannprófun í þriðja landi

1. Viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili, sem er viðurkennt/viðurkenndur í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, skal sannprófa sendinguna í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 <sup>(9)</sup>.
2. Að því er varðar 48. og 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 skal viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sannprófa sendinguna með tilliti til þess hvort farið er að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og framleiðslu- stöðlunum og eftirlitsráðstöfunum sem eru samþykkt sem jafngild. Sú sannprófun skal innihalda kerfisbundna sannprófun skjala og, eins og við á samkvæmt áhættumati, eftirlit með ástandi áður en sendingin fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland.

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtuð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

<sup>(9)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktaðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtuð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7).

3. Að því er varðar 2. til 5. mgr. skal viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili vera:
  - a) eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili eins og um getur í 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, sem hefur verið viðurkennt/viðurkenndur vegna viðkomandi vara og vegna þriðja landsins þar sem vörurnar eru upprunnar eða, eftir atvikum, þar sem síðasta aðgerð, að því er varðar tilreiðslu, var innt af hendi eða
  - b) eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem lögbært yfirvald viðurkennds þriðja lands, eins og um getur í 48. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, þar sem vörurnar eru upprunnar hefur tilnefnt eða, eftir atvikum, þar sem síðasta aðgerð, að því er varðar tilreiðslu, var innt af hendi.
4. Eftirfarandi skal framkvæma sannprófunina sem um getur í 2. mgr.:
  - a) eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili framleiðanda eða vinnsluaðila viðkomandi vöru eða
  - b) ef rekstraraðili eða hópur rekstraraðila sem innir síðustu aðgerð af hendi að því er varðar tilreiðslu, eins og hún er skilgreind í 44. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, er annar en framleiðandi eða vinnsluaðili vörunnar: eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili rekstraraðila eða hóps rekstraraðila sem innir síðustu aðgerð af hendi að því er varðar tilreiðslu.
5. Sannprófun skjala, sem um getur í 2. mgr., skal sannreyna:
  - a) rekjanleika vara og innihaldsefna,
  - b) að magn vara í sendingunni sé í samræmi við yfirferðir á massajafnvægi hjá viðkomandi rekstraraðilum samkvæmt mati sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili innt af hendi,
  - c) viðeigandi flutningsskjöl og viðskiptaskjöl (þ.m.t. reikningar) varanna,
  - d) þegar um er að ræða unnar afurðir, að rekstraraðilar eða hópar rekstraraðila, sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem er viðurkenndur í samræmi við 46. gr. eða sem um getur í 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 vottaði í þriðja landi eða sem þriðja land vottaði í samræmi við 47. eða 48. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, hafi framleitt öll lífrænt framleidd innihaldsefni í slíkum vörum eða að þau hafi verið framleidd og vottuð í Sambandinu í samræmi við þá reglugerð.

Þessi sannprófun skjala skal grundvallast á öllum viðeigandi skjölum, þ.m.t. vottorð rekstraraðila sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, skráum yfir skoðanir, framleiðsluáætlun fyrir viðkomandi vöru og skráum í vörslu rekstraraðila eða hópa rekstraraðila, tiltækum flutningsskjölum, viðskiptaskjölum og fjárhagslegum skjölum og öllum öðrum skjölum sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili telur að skipti máli.

#### 4. gr.

### Útgáfa skoðunarvottorðs

1. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem sannprófar sendinguna í samræmi við 3. gr. skal gefa út skoðunarvottorð, í samræmi við 5. gr., fyrir hverja sendingu áður en sendingin fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland.
2. Ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur verið viðurkennt/viðurkenndur í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 skal það/hann ekki gefa út skoðunarvottorð fyrir sendingar sem innihalda áhættusamar vörur, eins og um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, fyrr en það/hann hefur undir höndum öll skjöl um rekjanleika og hefur tekið við og metið niðurstöður úr greiningum á sýnum sem voru tekin úr sendingunni í samræmi við 6. mgr. 16. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.

## 5. gr.

**Snið skoðunarvottorðs og notkun Traces-kerfisins**

1. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal gefa út skoðunarvottorð í Traces-kerfinu í samræmi við fyrirmyndina og athugasemdirnar sem settar eru fram í viðaukanum og skal fylla út reiti 1 til 18 í því vottorði.
2. Þegar eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili gefur út skoðunarvottorð skal það/hann hlaða öllum fylgiskjölum upp í Traces-kerfið, þ.m.t. eftirfarandi:
  - a) niðurstöður úr greiningum eða prófunum sem gerðar voru á sýnum sem tekin voru, eftir atvikum,
  - b) viðskipta- og flutningsskjöl, s.s. farmbréf, reikningar og þökkunarskrá og, ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur verið viðurkennt/viðurkenndur í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, ferðaáætlun sem er tekin saman í samræmi við 5. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698.
3. Skoðunarvottorð skal gefið út í Traces-kerfinu og vera með fullgilt rafrænt innsigli.

Ef það er ekki tiltækt á tímapunkti útgáfu skulu upplýsingar sem varða fjölda pakkninga, sem um getur í reit 13 í skoðunarvottorðinu, og upplýsingarnar sem um getur í reitum 16 og 17 í því, sem og skjölin sem um getur í 2. mgr., fylgja með skoðunarvottorðinu eða færð inn í það innan 10 daga frá útgáfu þess og, í öllum tilvikum, áður en lögbært yfirvald sannprófar það og áritar í samræmi við 6. gr.

4. Skoðunarvottorðið skal tekið saman:
  - a) á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkis landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sending kemur inn í Sambandið ef um er að ræða vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum,
  - b) á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem afgreiða á sendinguna í frjálst flæði ef um er að ræða vörur sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2305.
5. Þrátt fyrir 4. mgr. getur aðildarríki fallist á að vottorð séu samin á öðru opinberu tungumáli Sambandsins og að þeim fylgi, ef nauðsyn krefur, staðfest þýðing.

## 6. gr.

**Opinbert eftirlit með sendingum**

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð eða á staðnum þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði, eins og við á, skal inna af hendi opinbert eftirlit með sendingum til að sannprófa að þær séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848 sem hér segir:
  - a) sannprófun skjala með öllum sendingum,
  - b) sannprófun auðkenna er framkvæmd af handahófi og
  - c) eftirlit með ástandi með tíðni sem fer eftir því hversu líklegt það er að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum í reglugerð (ESB) 2018/848.

Sannprófun skjala skal innihalda athugun á skoðunarvottorðinu, á öllum öðrum fylgiskjölum eins og kveðið er á um í 5. gr. og, eftir atvikum, á niðurstöðum úr greiningum eða prófunum sem gerðar voru á sýnum sem tekin voru.

Ef gera þarf leiðréttingar á skoðunarvottorði sem eru eingöngu vegna misritunar eða eru ritstjórnarlegs eðlis er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykka að eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem gaf skoðunarvottorðið út uppfæri upplýsingarnar í Traces-kerfinu með því að skipta skjalinu út, í samræmi við verklagið sem er fyrir hendi í Traces-kerfinu, án þess að breyta upplýsingunum í upphaflega vottorðinu sem varða sanngreiningu sendingarinnar, rekjanleika hennar og ábyrgðir.

2. Að því er varðar sendingar af áhættusömum vörum, sem um getur í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, skal lögbært yfirvald, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, inna af hendi kerfisbundna sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, taka a.m.k. eitt dæmigert sýni af sendingunni og athuga skjölin sem um getur í 6. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar. Lögbært yfirvald skal ákvarða dæmigerða sýnatökuaðferð sem hentar fyrir flokkinn, magnið og umbúðir vörunnar.

3. Eftir sannprófunina eins og um getur í 1. mgr. og, eftir atvikum, í 2. mgr. skal lögbært yfirvald taka ákvörðun um hverja sendingu. Skrá skal ákvörðunina um sendinguna í reit 30 í skoðunarovottorðinu í samræmi við fyrirmyndina og athugasemdirnar sem settar eru fram í viðaukanum og tilgreina eitt af eftirfarandi:

- a) hægt er að afgreiða sendinguna í frjálst flæði sem lífræna ræktun,
- b) hægt er að afgreiða sendinguna í frjálst flæði sem í aðlögun,
- c) hægt er að afgreiða sendinguna í frjálst flæði sem ekki lífræna,
- d) ekki er hægt að afgreiða sendinguna í frjálst flæði,
- e) hægt er að afgreiða hluta af sendingunni í frjálst flæði með útdrætti úr skoðunarovottorðinu.

Lögbært yfirvald skal árita skoðunarovottorðið í Traces-kerfinu með fullgiltu rafrænu innsigli.

4. Að því er varðar vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum gildir eftirfarandi:

- a) ákvæði 3. mgr. gilda til viðbótar við reglurnar um notkun lögbærra yfirvalda á samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali á landamæraeftirlitsstöðvum, í samræmi við i. lið b-liðar 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og á eftirlitsstöðum, í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 <sup>(10)</sup>, og við reglurnar um ákvarðanir um sendingar sem mælt er fyrir um í 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- b) sannprófun skjala, sem um getur í a-lið 1. mgr., má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð í tengslum við tilteknar lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun í samræmi við 7. og 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2123,
- c) sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., mega fara fram á eftirlitsstöðum í tengslum við tilteknar lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun í samræmi við 2. til 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2123.

5. Í ákvörðun um sendingar sem tekin er í samræmi við 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal vísa til eins af atriðunum sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. þessarar greinar. Ef innflytjandinn hefur farið fram á setningu í sérstakt tollferli, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar, með því að fylla út reit 23 í skoðunarovottorðinu skal tilgreina gildandi tollferli í ákvörðuninni um sendingar í samræmi við 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

Ákvörðunin sem er skráð í skoðunarovottorðið, þar sem fram kemur að ekki sé unnt að afgreiða sendingu eða hluta af henni í frjálst flæði, skal án tafar tilkynnt gegnum Traces-kerfið til viðkomandi lögbærs yfirvalds sem innir af hendi opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að reglunum sem um getur í a- til h-lið og j-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

Ef ákvörðunin sem var tekin í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu, í samræmi við 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, er sú að sendingin sé ekki í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni upplýsa lögbæra yfirvaldið, sem tók ákvörðunina í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, um það gegnum Traces-kerfið til að uppfæra skoðunarovottorðið. Að auki skal sérhvert lögbært yfirvald sem innir af hendi opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að reglunum sem um getur í a- til h-lið og j-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 senda allar viðeigandi upplýsingar inn í Traces-kerfið, s.s. niðurstöður úr greiningum á rannsóknarstofu, til lögbæra yfirvaldsins sem tók ákvörðunina í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar í þeim tilgangi að uppfæra skoðunarovottorðið, ef við á.

<sup>(10)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinnna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannprófun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64).

6. Ef einungis hluti af sendingu er afgreiddur í frjálst flæði skal skipta sendingunni upp í mismunandi lotur áður en hún er afgreidd í frjálst flæði. Innflytjandinn skal fylla út útdrátt úr skoðunarvottorðinu, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307, fyrir hverja lotu og senda í Traces-kerfið. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem ætlunin er að afgreiða lotuna í frjálst flæði skal sannprófa lotuna og skal árita útdráttinn úr skoðunarvottorðinu í Traces-kerfinu með fullgiltu rafrænu innsigli.

7. Að því er varðar sendingar sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum, sem um getur í 4. mgr., skulu tolyfjörvöld einungis heimila afgreiðslu sendingarinnar í frjálst flæði við framvísun samræmds heilbrigðis- og innflutnings-skjals, sem er fyllt út á viðeigandi hátt í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og skoðunarvottorðs sem er áritað í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar þar sem fram kemur að hægt sé að afgreiða sendinguna í frjálst flæði.

Ef sendingu er skipt upp í mismunandi lotur skulu tolyfjörvöld krefjast framvísunar á samræmdu heilbrigðis- og innflutnings-skjali, sem er fyllt út á viðeigandi hátt í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og útdráttar úr skoðunarvottorðinu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307 þar sem fram kemur í reit 12 að hægt sé að afgreiða lotuna í frjálst flæði.

7. gr.

### Sérstakt tollferli

1. Ef sending er sett í tollvöruheymsluferli eða tollferli innri aðvinnslu, eins og um getur í 1. mgr. 240. gr. og b-lið 3. mgr. 256. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 <sup>(1)</sup>, og fer í gegnum undirbúning á einn hátt eða fleiri eins og um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar skal lögbært yfirvald sannprófa sendinguna, í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar, áður en fyrsti undirbúningurinn fer fram. Innflytjandinn skal tilgreina tilvísunarnúmer tollskýrslunnar, sem vörurnar voru tilkynntar með í tollvöruheymsluferli eða í tollferli innri aðvinnslu, í reit 23 í skoðunarvottorðinu.

Undirbúningurinn sem um getur í fyrstu undirgrein skal takmarkast við eftirfarandi tegundir starfsemi:

a) þökkun eða skipt um umbúðir eða

b) merkimiðar festir á, fjarlægðir og þeim breytt í tengslum við framsetningu á lífrænni framleiðsluaðferð.

2. Eftir undirbúninginn sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald sannprófa sendinguna og árita skoðunarvottorðið, í samræmi við 6. gr., áður en sendingin er afgreidd í frjálst flæði.

3. Áður en sending er afgreidd í frjálst flæði má skipta henni upp í mismunandi lotur undir tolltilsjón eftir sannprófun og áritun skoðunarvottorðsins í samræmi við 6. gr. Innflytjandinn skal fylla út útdrátt úr skoðunarvottorðinu, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307, fyrir hverja lotu sem verður til við skiptinguna og senda í Traces-kerfið.

4. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem á að afgreiða lotuna í frjálst flæði skal sannprófa lotuna, í samræmi við 1. og 2. mgr. 6. gr., og skal árita útdráttinn úr skoðunarvottorðinu í Traces-kerfinu með fullgiltu rafrænu innsigli.

5. Undirbúningur og skipting, sem um getur í 1. og 3. mgr., skulu innt af hendi í samræmi við viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í III. og IV. kafla reglugerðar (ESB) 2018/848.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

*8. gr.***Viðbúnaðarráðstafanir ef Traces-kerfið er ekki tiltækt og ef um er að ræða óviðráðanleg atvik**

1. Eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar sem gefa skoðunarvottorðið út í samræmi við 4. gr. skulu hafa til reiðu útfyllanlegt sniðmát af þessu vottorði, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum, og af öllum skjölum sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/848 og sem hægt er að hlaða upp í Traces-kerfið.

2. Ef Traces-kerfið eða einhver aðgerð í því er ekki tiltæk í meira en sólarhring samfelld er notendum þess heimilt að nota útfyllanlegt sniðmát, útprentað eða rafrænt, eins og um getur í 1. mgr. til að skrá og skiptast á upplýsingum.

Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem um getur í 1. mgr. skal setja tilvísun á hvert útgefið vottorð og halda skrá yfir útgefin vottorð í tímaröð til að tryggja samsvörun við alstafakóðatilvísunina sem er gefin í Traces-kerfinu um leið og það verður virkt.

Ef pappírsgáfur af skoðunarvottorðum eru notaðar skulu óvottaðar breytingar eða afmáun ógilda það.

3. Um leið og Traces-kerfið eða aðgerðir í því verða tiltækar á ný skulu notendur þess nota upplýsingarnar sem voru skráðar í samræmi við 2. mgr. til að búa skoðunarvottorðið til á rafrænan hátt og hlaða upp skjölunum sem um getur í 1. mgr.

4. Á vottorðum og skjölum, sem eru útbúið í samræmi við 2. mgr., skal koma fram textinn „útbúið meðan viðbúnaðaráætlun stóð yfir“.

5. Ef um er að ræða óviðráðanlegt atvik gilda 1. til 4. mgr. Að auki skulu lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um slíkt atvik og eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar skulu setja allar nauðsynlegar upplýsingar í Traces-kerfið innan tíu almanaksdaga eftir að þessu atviki lýkur.

6. Ákvæði 4. og 5. mgr. 5. gr. gilda, að breyttu breytanda, um vottorð og skjöl sem eru búin til í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

*9. gr.***Notkun tollyfirvalda á skoðunarvottorði og útdrætti úr skoðunarvottorði**

Að því er varðar vörur sem falla undir opinbert eftirlit á staðnum þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði, í samræmi við 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2305, skulu tollyfirvöld einungis heimila afgreiðslu sendingar í frjálst flæði við framvísun skoðunarvottorðs þar sem fram kemur í reit 30 að hægt sé að afgreiða sendinguna í frjálst flæði.

Ef sendingu er skipt upp í mismunandi lotur skulu tollyfirvöld krefjast framvísunar á útdrætti úr skoðunarvottorðinu, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307, þar sem fram kemur í reit 12 að hægt sé að afgreiða lotuna í frjálst flæði.

*10. gr.***Upplýsingar sem lögbært yfirvald, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landi skal láta í té þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að sendingar séu ekki í samræmi við tilskilin ákvæði**

1. Ef lögbært yfirvald, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landi fær tilkynningu frá framkvæmdastjórninni, eftir að framkvæmdastjórnin hefur fengið tilkynningu frá aðildarríki í samræmi við 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2307 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hefur áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun í sendingu, skal það/hann framkvæma rannsókn. Lögbært yfirvald,

eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal svara framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu sem sendi upphaflegu tilkynninguna (hér á eftir nefnt tilkynningaraðildarríkið) innan 30 almanaksdaga frá þeim degi þegar það/hann móttækur þessa tilkynningu og skal upplýsa um aðgerðir og ráðstafanir sem gripið er til, þ.m.t. niðurstöður úr rannsókninni, og veita allar aðrar tiltækar upplýsingar og/eða sem tilkynningaraðildarríkið gerir kröfu um með því að nota sniðmátið sem sett er fram í X. þætti II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279 <sup>(12)</sup>.

2. Lögbært yfirvald, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal láta í té allar frekari upplýsingar sem aðildarríki óskar eftir að því er varðar viðbótaraðgerðir eða -ráðstafanir sem gripið hefur verið til.

Framkvæmdastjórnin eða aðildarríki getur farið fram á að lögbært yfirvald, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili veiti án tafar aðgang að skránni yfir alla rekstraraðila eða hópa rekstraraðila í lífræna framleiðsluferlinu, sem sendingin er hluti af, og yfir eftirlitsyfirvöld sín eða eftirlitsaðila.

3. Ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili er viðurkennt/viðurkenndur í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 gilda 2. og 3. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698.

#### 11. gr.

### Umbreytingarákvæði vegna pappírsútgáfa af skoðunarvottorðum og útdráttum úr þeim

1. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. er heimilt, til 30. júní 2022, að gefa skoðunarvottorð út í pappírsformi eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út. Þessi pappírsútgáfa af vottorði skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) í reit 18 skal vera handskrifuð undirritun til þess bær einstaklings eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem gefur vottorðið út og opinber stimpill,
- b) það skal gefið út áður en sendingin sem það varðar fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland.

2. Þrátt fyrir 3. mgr. 6. gr. skal eftirfarandi gilda til 30. júní 2022:

- a) ef skoðunarvottorð er gefið út á pappírsformi í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal þetta vottorð áritað á pappír, með handskrifaðri undirritun til þess bær einstaklings á vegum lögbær yfirvalds á landamæraeftirlitsstöðinni eða á staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði, í reiti 23, 25 og 30, eins og við á, eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út,
- b) ef skoðunarvottorð er gefið út í Traces-kerfinu og er með fullgilt rafrænt innsigli í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. má árita þetta vottorð á pappír, með handskrifaðri undirritun til þess bær einstaklings á vegum lögbær yfirvalds á landamæraeftirlitsstöðinni eða á staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði, í reiti 23, 25 og 30, eins og við á, eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út.

3. Eftirlitsyfirvöld, eftirlitsaðilar og lögbær yfirvöld skulu sannreyna á hverju stigi útgáfu og áritunar skoðunarvottorðs, eins og við á, að upplýsingarnar á pappírsútgáfu skoðunarvottorðsins samsvari upplýsingunum í vottorðinu sem er fyllt út í Traces-kerfinu.

Ef upplýsingar sem varða fjölda pakkninga, sem um getur í reit 13 í skoðunarvottorðinu, eða upplýsingar í reitum 16 og 17 í því vottorði eru ekki færðar inn í pappírsútgáfu skoðunarvottorðsins eða ef slíkar upplýsingar eru ekki þær sömu og upplýsingarnar sem færðar voru inn í vottorðið í Traces-kerfinu skal lögbært yfirvald, í þeim tilgangi að sannprófa sendinguna og árita vottorðið, einungis taka tillit til upplýsinganna sem voru færðar inn í Traces-kerfið.

<sup>(12)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279 frá 22. febrúar 2021 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 varðandi eftirlit og aðrar ráðstafanir til að tryggja rekjanleika og reglufylgni í lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara (Stjtið. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 6).

4. Pappírsgáfurni af skoðunarvottorðinu sem um getur í 1. mgr. skal framvísað hjá lögbæru yfirvaldi á landamæra-efirlitsstöðinni þar sem sendingin kemur inn í Sambandið og fellur undir opinbert eftirlit eða hjá lögbæru yfirvaldi á staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði, eins og við á. Viðkomandi lögbært yfirvald skal skila þessari pappírsgáfu af vottorðinu til innflytjandans.

5. Þrátt fyrir 6. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. er heimilt, til 30. júní 2022, að árita pappírsgáfu útdráttar úr skoðunarvottorði eftir að hann hefur verið fylltur út í Traces-kerfinu og prentaður út. Þessi pappírsgáfa útdráttar úr vottorði skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) pappírinn skal áritaður í reit 12 með handskrifaðri undirritun til þess bær einstaklings á vegum lögbærs yfirvalds,
- b) í reit 13 skal vera handskrifuð undirritun viðtakanda lotunnar.

Lögbært yfirvald, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal skila pappírsgáfu útdráttar úr vottorði til aðilans sem framvísaði honum.

*12. gr.*

#### **Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er felld úr gildi.

Þó skal sú reglugerð gilda áfram að því er varðar útfyllingu og áritun skoðunarvottorða sem bíða afgreiðslu, sem eru gefin út fyrir 1. janúar 2022, og útdrætti úr skoðunarvottorði sem bíða afgreiðslu, sem innflytjandinn framvísar fyrir 1. janúar 2022, sem og um yfirlýsingu fyrsta viðtakanda eða viðtakandans á skoðunarvottorðinu eða á útdrættinum úr skoðunarvottorðinu.

*13. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

## I. HLUTI

## SKOÐUNARVOTTORÐ VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNT RÆKTUÐUM VÖRUM OG VÖRUM Í AÐLÖGUN INN Í EVRÓPUSAMBANDIÐ

1. Útgáfueftirlitsyfirvald eða útgáfueftirlitsaðili	2. Málsmeðferð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (1): <input type="checkbox"/> Farið að tilskildum ákvæðum (46. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngilt þriðja land (48. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngilt eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili (57. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngildi samkvæmt viðskiptasamningi (47. gr.)
3. Tilvísunarnúmer skoðunarvottorðs	4. Framleiðandi eða vinnsluaðili vöru
5. Útflytjandi	6. Rekstraraðili sem kaupir eða selur vöruna án þess að geyma eða meðhöndla vöruna
7. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili	8. Upprunaland
9. Útflutningsland	10. Landamæraeftirlitsstöð/staður þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði
11. Viðtökuland	12. Innflytjandi

## 13. Lýsing á vörum

Lífrænt ræktuð eða í aðlögun    SN-númer    Viðskiptaheiti    Flokkur    Fjöldi pakkn-    Lotunúmer    Eigin þyngd  
inga

14. Gámanúmer	15. Innsiglisnúmer	16. Heildarþyngd samtals
---------------	--------------------	--------------------------

## 17. Flutningatæki

Flutningsmáti

Auðkenning

Alþjóðlegt flutningsskjal

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjút. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

18. Yfirlýsing eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem gefur út vottorðið sem um getur í reit 1

Þetta er til staðfestingar á að þetta vottorð hafi verið gefið út á grundvelli athugana sem krafist er samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 <sup>(2)</sup> að því er varðar að farið sé að tilskildum ákvæðum (46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848) eða framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 <sup>(3)</sup> að því er varðar jafngildi (47., 48. eða 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848) og að vörurnar sem lýst er hér að framan séu í samræmi við kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/848

Dagsetning

Nafn og undirritun til þess bærs einstaklings/fullgilt rafrænt innsigli      Stimpill útgáfueftirlitsyfirvalds eða útgáfueftirlitsaðila

19. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni

20. Fyrirframtilkynning

Dagsetning

Tími

21. Flyst áfram til:

22. Upplýsingar um eftirlitsstaðinn

23. Sérstakt tollferli

Tollvöruheymsluferli

Innri aðvinnsla

Heiti og heimilisfang rekstraraðila sem ber ábyrgð á tollferli/tollferlum:

Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem vottar rekstraraðilann sem ber ábyrgð á tollferli/tollferlum:

Sannprófun sendingar á undan sérstöku(m) tollferli/tollferlum

Viðbótarupplýsingar:

Yfirvald og aðildarríki:

Dagsetning:

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Tilvísunarnúmer tollskýrslu fyrir tollferli(n)

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

---

24. Fyrsti viðtakandi í Evrópusambandinu

---

25. Eftirlit af hálfu viðkomandi lögbærs yfirvalds

Sannprófun skjala

- Fullnægjandi
- Ófullnægjandi

Valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi

- Já
- Nei

Yfirvald og aðildarríki:

Dagsetning:

Nafn og undirritun til þess bærs einstaklings/fullgilt rafrænt innsigli

---

26. Til flutnings frá landamæraeftirlitsstöð til eftirlitsstaðar:

- Já             Nei

27. Upplýsingar um eftirlitsstaðinn

---

28. Flutningatæki frá landamæraeftirlitsstöð til eftirlitsstaðar

---

29. Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi

Sannprófun auðkenna

- Fullnægjandi
- Ófullnægjandi

Eftirlit með ástandi

- Fullnægjandi
- Ófullnægjandi

Prófun á rann-     Já                       Nei  
sóknarstofu

Niðurstaða     Fullnægjandi     Ófullnægjandi  
prófunar

---

30. Ákvörðun viðkomandi lögbærs yfirvalds

- Afgreiða má sendinguna í frjálst flæði sem „lífræn ræktun“
  - Afgreiða má sendinguna í frjálst flæði sem „í aðlögun“
  - Afgreiða má sendinguna í frjálst flæði sem „ekki úr lífrænni ræktun“
  - Ekki er hægt að afgreiða sendinguna í frjálst flæði
  - Hægt að afgreiða hluta af sendingunni í frjálst flæði
-

---

Viðbótarupplýsingar:

Yfirvald á landamæraeftirlitsstöð/eftirlitsstað/stað þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði og aðildarríki:

Dagsetning:

Nafn og undirritun til þess bær einstaklings/fullgilt rafrænt innsigli

---

### 31. Yfirlýsing fyrsta viðtakanda

Þetta er til að staðfesta að við móttöku varanna eru umbúðirnar eða gámurinn og, ef við á, skoðunarvottorðið:

- í samræmi við 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 eða
- ekki í samræmi við 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848

Nafn og undirritun þar til bær einstaklings

Dagsetning:

---

## II. HLUTI

### ATHUGASEMDIR VARÐANDI ÚTFYLLINGU FYRIRMYNDARINNAR AÐ SKOÐUNARVOTTORÐINU

Viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landinu verður að útfylla reiti 1 til 18.

Reitur 1: Heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem er viðurkennt/viðurkenndur skv. 46. gr. eða sem um getur í 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, sem lögbært yfirvald þriðja lands tilnefnir, sem um getur í 47. eða 48. gr. þeirrar reglugerðar. Þetta eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili fyllir einnig út reiti 2 til 18.

Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreind þau ákvæði reglugerðar (ESB) 2018/848 sem varða útgáfu og notkun þessa vottorðs; tilgreina skal viðkomandi ákvæði.

Reitur 3: Númer vottorðs sem er sjálfkrafa úthlutað í Traces-kerfinu.

Reitur 4: Heiti og heimilisfang rekstraraðilans eða rekstraraðilanna sem framleiddu eða unnu vörurnar í þriðja landinu sem um getur í reit 8.

Reitur 5: Nafn og heimilisfang rekstraraðila sem flytur vörurnar út frá landinu sem um getur í reit 9. Útflytjandinn er rekstraraðilinn sem annast síðustu aðgerð fyrir tilreiðslu, eins og skilgreint er í 44. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, varanna sem um getur í reit 13 og innsiglar vörurnar í viðeigandi umbúðir eða gáma skv. 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.

Reitur 6: Eftir atvikum skal fylla út með heiti og heimilisfangi eins eða fleiri rekstraraðila sem kaupa eða selja vöruna án þess að geyma eða meðhöndla vöruna.

Reitur 7: Heiti og heimilisfang eins eða fleiri eftirlitsaðila eða yfirvalda sem hafa eftirlit með því að framleiðsla eða vinnsla varanna sé í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu í landinu sem getið er um í reit 8.

Reitur 8: Með upprunalandi er átt við landið eða löndin þar sem varan var framleidd/ræktuð eða unnin.

Reitur 9: Með útflutningslandi er átt við landið þar sem síðasta aðgerð á vörunni var innt af hendi að því er varðar tilreiðslu, eins og skilgreint er í 44. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, og hún innsiglið í viðeigandi umbúðir eða gáma.

Reitur 10: Ef um er að ræða sendingar sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 skal tilgreina heiti landamæraeftirlitsstöðvarinnar sem er fyrsta komustöð inn í Sambandið og einkvæman alstafakóða hennar, sem Traces-kerfið úthlutar, þar sem opinbert eftirlit er innt af hendi í samræmi við 1. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 <sup>(4)</sup>.

Ef um er að ræða sendingar sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 <sup>(5)</sup> skal tilgreina, eins og við á, heiti staðarins þar sem vörunar eru afgreiddar í frjálst flæði inn í Evrópusambandið og einkvæman alstafakóða hans, sem Traces-kerfið úthlutar, þar sem opinbert eftirlit er innt af hendi í samræmi við 1. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306.

Innflytjandinn eða fulltrúi hans getur uppfært upplýsingarnar í þessum reit fyrir komu sendingarinnar á landamæraeftirlitsstöðina eða á staðinn þar sem vörunar eru afgreiddar í frjálst flæði, eins og við á.

Reitur 11: Með ákvörðunarlandi er átt við land fyrsta viðtakanda í Evrópusambandinu.

Reitur 12: Heiti, heimilisfang og EORI-númer, eins og það er skilgreint í 18. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 <sup>(6)</sup>, innflytjandans, eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 <sup>(7)</sup>, sem framvísar sendingunni til afgreiðslu í frjálst flæði, annaðhvort í eigin persónu eða fyrir milligöngu fulltrúa.

Reitur 13: Lýsing á vörum sem inniheldur:

- upplýsingar um hvort vörunar eru lífrænt ræktaðar eða í aðlögun,
- númer úr sameinuðu nafnaskránni (SN-númer), eins og um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 <sup>(8)</sup>, fyrir hlutaðeigandi vörur (8 tölustafa þrep ef unnt er),
- viðskiptaheiti,
- flokk vörunnar í samræmi við II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 <sup>(9)</sup>,
- fjölda pakkinga (fjöldi af boxum, öskjum, pokum, fötum o.s.frv.),
- lotunúmer og
- eigin þyngd.

<sup>(4)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

<sup>(5)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).

<sup>(6)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjtið. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 frá 21. október 2021 um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 30).

<sup>(8)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24).

Reitur 14: Gámanúmer: valkvætt.

Reitur 15: Innsiglisnúmer: valkvætt.

Reitur 16: Heildarþyngd samtals, gefin upp í viðeigandi einingum (kg, lítrum o.s.frv.).

Reitur 17: Flutningatæki sem er notað frá upprunalandi þangað til varan kemur á landamæraeftirlitsstöðina eða á staðinn þar sem varan er afgreidd í frjálst flæði til sannprófunar á sendingunni og áritunar skoðunarvottorðsins.

Flutningsmáti: flugvél, skip, járnbraut, ökutæki, annað.

Auðkenni flutningatækisins: fyrir flugvélar, flugnúmer; fyrir skip, heiti skips eða skipa; fyrir járnbrautarlestir, auðkenni lestar og númer vagns; fyrir flutninga á vegum, skráningarkerki með númeri eftirvagns, ef við á.

Ef um ferju er að ræða skal tilgreina skip og ökutæki á vegum með auðkenningu ökutækisins og ferjunnar sem ætlunin er að taka.

Reitur 18: Yfirlýsing eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem gefur vottorðið út. Velja skal viðeigandi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar. Einungis er gerð krafa um handskrifaða undirritun til þess bær einstaklings og stimpil ef um er að ræða skoðunarvottorð sem eru gefin út á pappírformi fram til 30. júní 2022 í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.

Reitur 19: Heiti, heimilisfang og EORI-númer, eins og það er skilgreint í 18. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2446, rekstraraðilans sem ber ábyrgð á sendingunni, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2307. Innflytjandinn sem er tilgreindur í reit 12 verður að útfylla þennan reit ef þessi innflytjandi er annar en rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni.

Reitur 20: Ef um er að ræða sendingu af vörum sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu sem lífrænt ræktaðar vorur eða vorur í aðlögun, sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, skal tilgreina áætlaða komudagsetningu og -tíma á landamæraeftirlitsstöðinni.

Ef um er að ræða sendingar af vörum sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 skal tilgreina áætlaða komudagsetningu og -tíma á staðinn þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði í samræmi við þá reglugerð.

Reitur 21: Skal útfyllt af innflytjanda eða, eftir því sem við á, rekstraraðila sem ber ábyrgð á sendingunni, til að óska eftir flutningi varanna til eftirlitsstaðar í Sambandinu til frekara opinbers eftirlits ef lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðinni velja sendinguna til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi. Þessi reitur á einungis við um vorur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Reitur 22: Tilgreina skal heiti eftirlitsstaðarins í aðildarríkinu sem á að flytja vörurnar á til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, ef lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðinni velja sendinguna til slíks eftirlits. Skal útfyllt af innflytjanda eða, eftir því sem við á, rekstraraðila sem ber ábyrgð á sendingunni. Þessi reitur á einungis við um vorur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Reitur 23: Viðkomandi lögbært yfirvald og innflytjandinn verða að útfylla þennan reit.

Ef um er að ræða vorur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum verður lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni að útfylla þennan reit.

Gerð er krafa um handskrifaða undirritun til þess bær einstaklings ef um er að ræða skoðunarvottorð sem eru árituð á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.

Reitur 24: Heiti og heimilisfang fyrsta viðtakanda í Evrópusambandinu. Innflytjandinn verður að útfylla þennan reit.

Reitur 25: Lögbært yfirvald verður að útfylla þennan reit eftir að sannprófun skjala hefur verið framkvæmd í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306. Ef sannprófun skjala er ekki fullnægjandi verður að útfylla reit 30.

Þetta yfirvald verður að tilgreina hvort sendingin er valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi.

Einungis er gerð krafa um undirritun til þess bær einstaklings/fullgilt rafrænt innsigli ef lögbært yfirvald er annað en yfirvaldið sem er tilgreint í reit 30. Einungis er gerð krafa um handskrifaða undirritun til þess bær einstaklings ef um er að ræða skoðunarvottorð sem eru árituð á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.

Reitur 26: Skal útfyllt af lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöðinni ef sendingin er valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi og ef sendingin er tæk til flutnings til eftirlitsstaðarins til frekara opinbers eftirlits. Þessi reitur á einungis við um vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Reitur 27: Ef um er að ræða flutning á eftirlitsstað skal tilgreina heiti eftirlitsstaðarins í aðildarríkinu sem beðið er um að vörurnar séu fluttar á til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, samskiptaupplýsingar hans og einkvæman alstafakóða sem Traces-kerfið úthlutar eftirlitsstaðnum. Skal útfyllt af lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöðinni. Þessi reitur á einungis við um vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Reitur 28: Sjá leiðbeiningar í reit 17. Þennan reit verður að útfylla ef sendingin er flutt á eftirlitsstað til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi.

Reitur 29: Lögbært yfirvald verður að útfylla þennan reit ef vörurnar eru valdar til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi.

Reitur 30: Lögbært yfirvald verður að útfylla þennan reit eftir undirbúninginn sem um getur í 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, eftir atvikum, og í öllum tilvikum eftir sannprófun sendingarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar.

Lögbært yfirvald verður að velja viðeigandi valkost og bæta við, ef nauðsyn krefur, hvers konar viðbótarupplýsingum sem teljast skipta máli. Einkum, ef valkosturinn „Ekki er hægt að afgreiða sendinguna í frjálst flæði“ eða „Hægt að afgreiða hluta af sendingunni í frjálst flæði“ var valinn, verður að veita viðeigandi upplýsingar undir „viðbótarupplýsingar“.

Ef um er að ræða vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum verður lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni að útfylla þennan reit. Ef sending er flutt á eftirlitsstað til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, verður lögbært yfirvald á viðkomandi eftirlitsstað að útfylla þennan reit.

Undir „Yfirvald á landamæraeftirlitsstöð/eftirlitsstað/stað þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði“ skal setja inn heiti viðkomandi yfirvalds, eins og við á.

Einungis er gerð krafa um handskrifaða undirritun til þess bær einstaklings ef um er að ræða skoðunarvottorð sem eru árituð á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.

Reitur 31: Fyrsti viðtakandi á viðtökustað varanna eftir að þær eru afgreiddar í frjálst flæði verður að fylla þennan reit út með því að velja einn valkost eftir að hann hefur framkvæmt athuganirnar sem kveðið er á um í 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.

Gerð er krafa um handskrifaða undirritun fyrsta viðtakanda á skoðunarvottorð sem eru árituð á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.